

Sent að beiðni Samhæfingarmiðstöðvar almannavarna

Bréf sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaganna 4. maí 2020

Komið þið sæl

Nú eru mörg sveitarfélög að velta fyrir sér mögulegu fyrirkomulagi á hinum ýmsu hátíðum sem eru fram undan, þar með talið 17. júní .

Nú er í gildi takmörkun á samkomum vegna farsóttta samkvæmt auglýsingu heilbrigðisráðherra frá 21. apríl. Þar segir: „Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar auglýsingar. Með fjöldasamkomum er átt við þegar fleiri en 50 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum“.

Jafnframt gildir tveggja metra reglan líkt og áður. Þessi auglýsing gildir til 1. júní kl. 23:59.

Í dag er ómögulegt að segja til um hverjar takmarkanir á samkomum verða 17. júní nk. þar sem næstu skref verða byggð á árangri þeirra tilslakana sem tóku gildi í dag. Ef vel gengur má gera ráð fyrir því að 100 manns geti komið saman, hvort sem í opinberum rýmum eða einkarýmum og tveggja metra reglan verði einnig í gildi. Það veltur á því hvernig gengur frá og með deginum í dag.

Stjórnendur aðgerðarinnar munu fylgjast með þróun mála næstu tvær til þrjár vikur og eftir það verða næstu skref metin. Það er mikilvægt að fara varlega í þessar breytingar. Við þurfum að vernda fólk í áhættuhópum ásamt því að sjá til þess að heilbrigðiskerfið geti annað ástandinu ef upp koma hópsýkingar að nýju.

Eitt er víst að hátíðir sumarsins verða með öðru móti en áður þar sem við erum í áður óþekktum aðstæðum. Því er mikilvægt að við hugum að óhefðbundnum leiðum til þess að halda upp á þjóðhátíðardaginn saman þrátt fyrir takmarkanir. Sú nálgun á einnig við um aðrar hátíðir í sumar.

Forsætiráðherra minnti okkur á í ávarpi sínu í gær að við verðum að vanda okkur fyrir börnin okkar, fyrir ömmur og afa og fyrir alla ástvini. Markmiðið er að gera þetta saman og við skiljum engan eftir þegar samfélagið smám saman opnast aftur. En við skulum jafnframt muna að faraldrinum er ekki lokið, hvorki hér heima né á heimsvísu. Nú tekur við uppbyggingarstarf sem mun reyna á þolinmæðina en við höfum gert þetta vel saman hingað til og megum vera stolt af því.

Við munum halda áfram að upplýsa ykkur reglulega um stöðu mála líkt og hingað til hefur verið gert.

Fyrir hönd almannavarna



AHS

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir

(+354) 8626375 (+354) 528

3000 thorak@shs.is <http://shs.is> Skógarhlíð 14, 105
Reykjavík, Ísland